

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 4/2018
Advania
gegn
Orkustofnun

Þann 30. nóvember 2018 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru Advania ehf., dags. 7. júní 2018, á ákvörðun Orkustofnunar, dags. 18. maí 2018. Kæran barst úrskurðarnefnd þann 11. júní 2018. Málið hefur fengið númerið 4/2018.

I. Kæruefni og kröfur

Í máli þessu kærir Advania ehf. (kærandi) ákvörðun Orkustofnunar frá 18. maí 2018, vegna ágreinings við Landsnet hf. um tímamörk sem miða beri við um hvenær kærandi gæti fyrst notið kjara sem stórnotandi samkvæmt gjaldskrá Landsnets. Kærandi krefst þess að niðurstöðu hinar kærðu ákvörðunar verði hrundið og breytt á þá leið að miða gildi samnings þess, sem gerður hafi verið hinn 6. júlí 2016, við þann dag er kærandi hafi talist hafa uppfyllt skilyrði laga til að teljast stórnotandi í stað þeirrar viðmiðunar Landsnets að láta samninginn gilda frá 1. janúar 2016.

Orkustofnun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Landsnet krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

II. Málsatvik

Málavextir eru þeir að þann 30. maí 2014 gerðu HS Veitur og kærandi með sér samning um raforkuviðskipti og tengingu vegna nýs gagnavers kæranda. Samið var um greiðslu kæranda fyrir dreifingu og flutning. Í samningnum var gert ráð fyrir að HS Veitur myndu vinna að samkomulagi við Landsnet um að stórnotendagjaldskrá Landsnets myndi gilda um notkun kæranda. Í ljós hafði komið að Landsnet gæti ekki tengt kæranda í þeim tengivirkjum sem til greina hafi komið á æskilegri spennu fyrr en eftir um 18 mánuði eða í upphafi árs 2016. Kærandi samdi við Landsnet þann 6. júlí 2016 um raforkuflutning og að stórnotendagjaldskrá skyldi gilda frá og með 1. janúar 2016. Kærandi setti fyrirvara í samninginn um leiðréttingu á gjaldtöku vegna raforkuafendingar. Kærandi telur að hann hafi uppfyllt skilyrði til þess að teljast stórnotandi í maí 2014 og þá hafi hann átt rétt á kjörum samkvæmt stórnotendagjaldskrá.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að Landsneti hafi verið óheimilt að semja við kæranda um að veita honum kjör samkvæmt stórnotendagjaldskrá á því tímabili þar sem kærandi hafi ekki getað

talist viðskiptavinur Landsnets í skilningi raforkulaga. Landsnet hafi ekki verið heimilt að taka gjald af kæranda samkvæmt stórnotendagjaldskrá áður en samningssamband hafi komist á þar sem ekki hafi verið hægt að líta á kæranda sem viðskiptavin Landsnets í skilningi 2. mgr. 8. gr. raforkulaga. Eigi það bæði við um það tímabil sem kærandi hafi verið viðskiptavinur dreifiveitu og einnig um tímabilið frá því að samningaviðræður hafi hafist milli kæranda og Landsnets þar til samningur hafi komist á.

III. Málsástæður og rök kæranda

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Í kæru eru samskipti kæranda og HS Veitna við Landsnet rakin í tímaröð. Þar kemur fram að þann 6. júlí 2016 hafi kærandi og Landsnet gert með sér samning um úttekt samkvæmt stórnotendagjaldskrá. Kærandi hafi undirritað samninginn með fyrirvara um leiðréttingu gjaldtöku frá maí 2014 þegar kærandi hafi uppfyllt skilyrði stórnotenda. Landsnet hafi þá sérmælt notkun kæranda samkvæmt stórnotendagjaldskrá og í kjölfarið leiðrétt gjaldtöku aftur til 1. janúar 2016. Engin leiðrétting hafi hins vegar verið gerð vegna áranna 2014 og 2015. Kærandi bendir á að ljóst hafi verið að engar ráðstafanir hafi þurft að gera til að koma á tengingu við flutningskerfi Landsnets þar sem notaður hafi verið búnaður HS Veitna. Kærandi telur engin rök hafa verið fyrir því að miða við 1. janúar 2016 við ákvörðun um frá hvaða degi stórnotendagjaldskráin skuli gilda. Hann hafi þar af leiðandi látið sérstaka bókun fylgja við undirritun samnings. Nánar sé á því byggt að miða eigi við þann dag er kærandi hafi uppfyllt skilyrði til að flokkast sem stórnotandi í skilningi 17. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Landsnet geti ekki skýlt sér á bak við að ekki hafi legið fyrir gjaldskrá en Landsneti hafi borið að setja gjaldskrá vegna þjónustu sem taki bæði til úttektar dreifiveitna frá flutningskerfi og úttektar stórnotenda. Dráttur Landsnets á að setja gjaldskrá geti ekki leitt til þess að kærandi þurfi að greiða hærra gjald fyrir notkun þegar fyrir hafi legið að hann hafi fullnægt á fyrra tímamarki því lagaskilyrði að flokkast sem stórnotandi. Kærandi vekur athygli á að nýr netmáli hafi tekið gildi 1. mars 2015. Hann hafi hins vegar ekki verið notaður við samningsgerðina sumarið 2016 og sé því að mati kæranda þýðingarlaust að bera hann fyrir sig. Notast hafi verið við eldri netmála (skilmála) við samningsgerðina. Þrátt fyrir ítrekuð samskipti milli HS Veitna og Landsnets hafi ekkert gerst. Sá dráttur sem orðið hafi á málinu hafi orðið til þess að skekka samkeppnisstöðu kæranda gagnvart keppinautum sem tengdir hafi verið beint við kerfi Landsnets.

Kærandi telur að Landsneti beri að tryggja að fyrirtæki sem tengt sé dreifiveitu fái notið kjara sem stórnotandi þegar fyrirtækið hafi uppfyllt skilyrði laga og frá því tímamarki. Landsnet sé opinbert fyrirtæki sem starfi samkvæmt sérleyfi og hafi það hlutverk að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins samkvæmt ákvæðum raforkulaga. Landsnet megi ekki mismuna aðilum um aðgang að þjónustu og það verði að reisa ákvarðanir sínar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum. Sá dráttur sem verið hafi orðið á málinu frá miðju ári 2014 byggir að mati kæranda hvorki á lögum né málefnalegum sjónarmiðum og hafi orðið til verulegs tjóns fyrir kæranda. Þannig geti Landsnet ekki leyft sér að miða við óljóst tímamark á þeim grundvelli að formlegar samningaviðræður hafi hafist í janúar 2016.

Kærandi sendi erindi til Orkustofnunar þar sem kvartað hafi verið yfir því tímamarki sem Landsnet hafi ákveðið einhliða að miða gildi stórnotendagjaldrár við. Landsnet hafi borið því við að kærandi hafi ákveðið einhliða að tengjast dreifiveitu beint í stað þess að tengjast Landsneti. Kærandi telur hér um verulega einföldun að ræða en í hinni kærðu ákvörðun hafi verið á því byggt að Landsneti hafi verið óheimilt að semja við kæranda þar sem hann hafi ekki getað talist viðskiptavinur Landsnets. Hér hafi gleymst að kvörtunin hafi snúist um þetta atriði þ.e. að ekki hafi verið samið beint við kæranda enda þótt hann hafi uppfyllt öll skilyrði laga til að teljast stórnotandi.

Mikilvægt sé að mati kæranda að skoða tölvupóstasamskipti hans við Landsnet en þar megi sjá að vilji kæranda hafi frá fyrsta degi verið að tengjast Landsneti beint. Forstjóri Landsnets hafi talið farsælast að leita leiða til þess að dreifiveitur geti flutt rafmagn til stórnotenda frá kerfi Landsnets. Hafi verið ákveðið að HS Veitur myndu annast dreifingu til stórnotenda, þ.m.t. kæranda en það hafi verið gert að ráðleggingum Landsnets sem hafi jafnframt ætlað að tryggja að kærandi fengi rafmagn afhent með þessari leið sem stórnotandi. Tölvupóstarnir staðfesti einnig að samningaviðræður hafi ekki hafist í janúar 2016 líkt og Landsnet beri fyrir sig til réttlætningar á því að miðað sé við 1. janúar 2016. Staðreyndin sé að viðræður hafi hafist í maí 2014. Það sé hins vegar fyrst á árinu 2016 sem Landsnet hafi brugðist við ítrekuðum kröfum kæranda. Landsnet hafi byggt á því að kærandi hafi ekki uppfyllt skilyrði til að teljast „stórnotandi“ samkvæmt lögum. Kærandi telur óumdeilt að hann hafi þegar á árinu 2014 uppfyllt skilyrði laganna að teknu tilliti til fyrirliggjandi áætlana um uppkeyrslu og uppbyggingar sem þá hafi verið í gangi. Stórnotandi sé samkvæmt raforkulögum skilgreindur sem notandi sem noti innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Ákvæðið hafi verið túlkað þannig að ef fyrirséð sé miðað við áætlun að notandi muni nota innan þriggja ára 80 GWst á ári teljist hann „stórnotandi“. Þannig hafi verið ljóst þegar í maí 2014 að skilyrði hafi verið uppfyllt vegna uppbyggingar kæranda enda hafi engar efasemdir verið um það í samskiptum aðila, sbr. tölvupósta milli aðila. Fyrirtækið Verne Holding hafi samið við Landsnet um afhendingu á rafmagni árið 2009 og verið þegar í upphafi flokkað sem stórnotandi en óveruleg notkun hafi verið hjá Verne Holding í upphafi.

Kærandi telur að Landsnet geti ekki flokkað raforkunotendur á mismunandi hátt, þ.m.t. túlkað ákvæði laga með öðrum hætti gagnvart kæranda en gagnvart t.a.m. Verne Holding. Í því sambandi er úrskurðarnefnd beðin um að afla upplýsinga, með vísan til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga, um orkunotkun Verne Holding, til staðfestingar á framangreindu sem og til staðfestingar á því að Landsnet hafi beitt sömu túlkun gagnvart viðskiptavinum sínum og kærandi leggi til grundvallar í kæru.

Kærandi gerir þá kröfu að niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar verði hrundið og breytt á þá leið að miða gildi samnings við Landsnet sem gerður hafi verið þann 6. júlí 2016 við þann dag er kærandi hafi uppfyllt skilyrði laga um að teljast stórnotandi í stað þeirrar viðmiðunar Landsnets að láta samninginn gilda frá 1. janúar 2016.

IV. Athugasemdir Orkustofnunar

Kæran var send Orkustofnun til athugasemda og bárust athugasemdir stofnunarinnar þann 17. ágúst 2018. Þar kemur m.a. fram að í hinni kærðu ákvörðun hafi verið deilt um tímamörk sem miða beri við varðandi það hvenær kærandi hafi fyrst notið kjara sem stórnotandi samkvæmt gjaldskrá Landsnets. Orkustofnun hafi komist að þeirri niðurstöðu að Landsnet hafi boðið að bjóða kæranda kjör sem stjórnótanda þegar viðskiptasamband hafi komist á milli kæranda og Landsnets. Orkustofnun telur ekki tilefni til að fara frekar yfir lýsingu málavaxta og vísar í því sambandi til umfjöllunar í hinni kærðu ákvörðun. Kærandi hafi ekki gert athugasemd við að það falli undir valdsvið Orkustofnunar að taka afstöðu til þess við hvaða tímamark beri að miða þegar metið sé hvenær notandi öðlist rétt til að vera á stórnotendagjaldskrá Landsnets.

Kærandi krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og vísi til þess að áður en samningur kæranda við HS Veitur um raforkukaup hafi verið undirritaður hafi átt sér stað samningaviðræður milli HS Veitna og Landsnets til að ná samkomulagi við Landsnet um lækun gjaldskrár. Í kæru komi fram að fyrir liggi að kröfunni hafi verið beint á hendur Landsneti mörgum mánuðum áður en kærandi hafi uppfyllt skilyrðin til að flokkast stórnotandi. Að mati kæranda séu engin rök til að miða við 1. janúar 2016 þegar ákveðið sé frá hvaða degi stórnotendagjaldskráin skuli gilda og hafi kærandi þar af leiðandi látið sérstaka bókun fylgja við undirritum samnings. Nánar sé á því byggt að miða eigi við þann dag er kærandi hafi uppfyllt skilyrði til að flokkast sem stórnotandi í skilningi 17. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Segir í umsögn Orkustofnunar að kærandi telji jafnframt að Landsneti hafi borið að setja sér gjaldskrá vegna þjónustu sem taki bæði til úttektar dreifiveitna frá flutningskerfi og úttektar stórnotenda.

Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að kærandi hafi upphaflega tengst dreifiveitu 30. maí 2014 og hafi frá þeim tímapunkti ekki verið viðskiptavinur Landsnets. Það hafi ekki verið fyrr en 6. júlí 2016 sem formlegt viðskiptasamband milli kæranda og Landsnets hafi komist á með samningi. Gögn málsins beri að mati Orkustofnunar ekki með sér að Landsnet hafi synjað kvartanda um tengingu við flutningskerfið.

Þvert á móti hafi átt sér stað samningsviðræður á vordögum 2014 milli kæranda og Landsnets um að Landsnet myndi afhenda orku. Landsnet hafi talið að það tæki allt að 18 mánuði að verða við slíkri beiðni þar sem ráðast þyrfti í framkvæmdir til að gera tenginguna mögulega. Flutningsfyrirtækið afhendi raforku almennt á hærri spennu en dreifiveitur sem almennt afhendi raforku á 400 voltum.

Kærandi hafi tekið ákvörðun um að ganga til samninga við dreifiveitu og hafi samningur verið gerður við HS Veitur þann 30. maí 2014. Kærandi hafi því ekki getað talist viðskiptavinur Landsnets sem hafi ekki átt rétt á stórnotendagjaldskrá samkvæmt raforkulögum fyrr en viðskiptasamband hafi verið komið á milli þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. raforkulaga séu viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem leyfi hafa samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins skuli gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt

stórnotenda sem skuli ákvörðuð í bandaríkjadollurum. Flutningsfyrirtækinu sé skylt að haga verðlagningu til notanda sem tengdur sé beint við dreifiveitu í samræmi við 12. gr. a raforkulaga og 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 og á meðan kærandi sé tengdur og sé í samningsbandi við dreifiveitu gildi gjaldskrá fyrir dreifiveitur um gjaldtöku flutningsfyrirtækisins.

Orkustofnun telur í umsögn sinni rétt að ítreka að í mars 2015 hafi Landsnet gert breytingar á netmála B9 en í þeim netmála hafi verið gert ráð fyrir því að stórnotendur gætu tengst raforkukerfinu um dreifiveitu. Í grein 5.4 í netmála B9 komi fram að „*stórnotandi greiði fyrir afhendingu rafmagns samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita greiði fyrir raforkuflutning vegna stórnotandans samkvæmt gjaldskrá Landsnets fyrir stórnotendur*“. Með þessu fyrirkomulagi sé gert ráð fyrir því að dreifiveita setji gjaldskrá fyrir stórnotendur og innheimti samkvæmt þeirri gjaldskrá. HS Veitur hafi brugðist við framangreindri breytingu og hafi breytt gjaldskrá sinni í samræmi við netmála B9. Ætla megi að mati Orkustofnunar að fyrirtækið hafi notið lægra verðs fyrir flutning á raforku frá 1. mars 2015, þegar netmálinn hafi tekið gildi. Það sé vel innan þess 18 mánaða tímaramma sem Landsnet hafi talið að tæki að koma á nýrri tengingu við fyrirtækið, frá þeim tíma sem kærandi hafi fyrst falast eftir samningi um flutning við Landsnet eða frá 14. mars 2014.

Í hinni kærðu ákvörðun hafi Orkustofnun bent á að þann 9. október 2015 hafi stofnunin tekið ákvörðun um að gjaldskrá Landsnets hafi brotið í bága við ákvæði raforkulaga að því er varðaði stórnotendur sem hafi tengst beint um dreifiveitu. Þrátt fyrir að stofnunin hafi í ákvörðun sinni komist að þeirri niðurstöðu að gjaldskrá Landsnets, er lotið hafi að tvöföldu afhendingargjaldi, hafi verið í andstöðu við raforkulög, hafi ekkert staðið í vegi fyrir því að stórnotendagjald á orkuverði væri sett í gjaldskrá dreifiveitu, sem hafi og verið gert með breytingum HS Veitna á gjaldskrá þann 27. júní 2014.

Samkvæmt raforkulögum gildi þau sjónarmið um gjaldtöku fyrir þjónustu dreifiveitna og flutningsfyrirtækis að hún skuli vera ákvörðuð í gjaldskrá til að tryggja jafnræði viðskiptavina flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. Að mati Orkustofnunar sé ekki hægt að líta svo á að Landsneti hafi verið heimilt að taka gjald af kæranda samkvæmt stórnotendagjaldskrá áður en samningssamband hafi komist á milli aðila þar sem ekki hafi verið hægt að líta á kæranda sem viðskiptavin flutningsfyrirtækisins í skilningi 2. mgr. 8. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kærandi hafi ekki getað talist viðskiptavinur Landsnets fyrr en samningur um slíkt hafi komist á.

Með vísan til alls framangreinds sé það mat Orkustofnunar að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun.

V. Athugasemdir Landsnets

Kæran var send Landsneti þann 5. júlí 2018 til athugasemda. Landsnet óskaði eftir framlengdum svarfresti og bárust athugasmdir þann 1. ágúst 2018. Í umsögn sinni mótmælir Landsnet kröfu kæranda um að hinni kærðu ákvörðun verði hrundið og breytt á þá leið að gildi samnings, dags. 6. júlí 2016, á milli Landsnets og kæranda verði miðað við þann dag er kærandi teljist hafi uppfyllt

skilyrði laga til að teljast stórnotandi í stað þeirrar viðmiðunar Landsnets að láta samninginn gilda frá 1. janúar 2016.

Árið 2014 hafi átt sér stað samskipti milli kæranda og Landsnets og að hluta til einnig HS Veitna, vegna mögulegs stórnotendasamnings um flutning raforku. Við upphaf samskipta kæranda og Landsnets megi sjá að vilji hafi verið til staðar hjá Landsneti til að veita kæranda tengingu að uppfylltum skilyrðum raforkulaga. Hins vegar hafi ekki verið unnt að koma á tengingu að svo stöddu í þeim tengivirkjum sem til greina hafi komið á æskilegri spennu og hafi kærandi verið upplýstur um það. Fyrirætlanir hafi verið um frekari uppbygginu sem tæki um 18 mánuði. Að þeim tíma liðnum hugðist Landsnet tengja kæranda við kerfið sem stórnotandi. Kærandi hafi verið meðvitaður um að ekki væri unnt að koma á tengingu og afhendingu raforku innan þess þrönga tímaramma sem kærandi hafi sett sér. Kærandi hafi í framhaldinu ákveðið að leita leiða til þess að dreifiveita gæti flutt rafmagnnið en samningur milli kæranda og HS Veitna hafi verið undirritaður þann 30. maí 2014. Samkvæmt samningnum hafi verið gert ráð fyrir því að HS Veitur myndu vinna að samkomulagi við Landsnet þannig að stórnotendagjaldskrá Landsnets myndi gilda um notkun kæranda þegar ákvæðnu lágmarki væri náð. Landsnet hafi tekið vel í að kanna þetta fyrirkomulag og af fyrirbyggjandi gögnum megi ráða að farið hafi fram könnun á því hvort að lagabreytinga væri þörf en að óbreyttu regluverki myndi raforkunotkun kæranda fara á reikning HS Veitna og því innheimt fyrir flutning hennar með sama hætti og hvern annan flutning til dreifiveitna. Það hafi verið vilji Landsnets, HS Veitna og kæranda að fara þessa leið og hafi Landsnet hafist handa við að fá regluverkinu breytt. Megi þar helst nefna breytingu á skilmála B9 í netmála sem öðlast hafi gildi 1. mars 2015. Breytingarnar hafi falið í sér að stórnotendur gátu tengst raforkukerfinu um dreifiveitur en samhliða því hafi verið gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá Landsnets. Með ákvörðun Orkustofnunar, dags. 9. október 2015, var skilmálabreytingin felld úr gildi. Að mati Orkustofnunar hefði gjaldskrá Landsnets brotið í bága við ákvæði raforkulaga að því er varðaði stórnotendur sem tengdust beint um dreifiveitu. Sneri ákvörðun Orkustofnunar að því að stórnotendur þurftu að greiða afhendingargjald óháð því hvort dreifiveita hefði greitt afhendingargjald á sama afhendingarstað. Kærandi hafi þá gengið til samninga við Landsnet og gerst stórnotandi árið 2016. Skrifað hafi verið undir samning þann 6. júlí 2016. Þó var talið eðlilegt að gildistími samningsins væri frá 1. janúar 2016 þegar samningaviðræður hafi hafist. Kærandi hafi krafist skaðabóta frá Landsneti vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir þar sem hann hafi ekki notið kjara sem stórnotandi á tímabilinu 2014 til 2016 ólíkt keppinautum sem hafi verið beintengdir Landsneti. Landsnet hafi hafnað kröfu kæranda. Kærandi hafi síðan kvartað formlega til Orkustofnunar og krafist þess að Landsnet miðaði gildi samningsins frá 6. júlí 2016 við þann dag er kærandi teldist hafa uppfyllt skilyrði til að teljast stórnotandi í stað viðmiðunar Landsnets um að láta samninginn gilda frá 1. janúar 2016. Í hinni kærðu ákvörðun var áréttað að Orkustofnun hefði vald til að meta hvort notandi uppfyllti skilyrði raforkulaga um að teljast stórnotandi sem heyrði undir stórnotendagjaldskrá Landsnets. Að sama skapi geti stofnunin þurft að taka afstöðu til þess við hvaða tímamark beri að miða þegar metið sé hvenær notandi öðlist rétt til að vera á stórnotendagjaldskrá Landsnets. Í hinni kærðu ákvörðun hafi komið fram að kærandi hafi í upphafi tengst HS Veitum og þ.a.l. ekki verið viðskiptavinur Landsnets. Ekkert hefði verið talið benda til

Þess að Landsnet hefði synjað kæranda um tengingu við flutningskerfið. Kærandi gæti því ekki talist viðskiptavinur Landsnets sem ætti rétt á að vera á stórnotendaskrá fyrirtækisins samkvæmt raforkulögum fyrir en viðskiptasamband kæmist á. Landsneti hafi verið óheimilt að semja við kæranda um stórnotendagjaldskrá á tímabili sem kærandi hafi ekki getað talist viðskiptavinur Landsnets í skilningi 2. mgr. 8. gr. raforkulaga, þ.e. áður en samningssamband hafi komist á milli aðila.

Landsnet gerir síðan eftirfarandi athugasemdir við kæru.

a) Viðleitni Landsnets til að koma til móts við kröfur kæranda;

Landsnet starfi sem flutningsfyrirtæki raforku á grundvelli sérleyfis samkvæmt raforkulögum. Landsneti sé skylt að tengja alla þá sem eftir því óska við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði og greiði tengigjald samkvæmt gjaldskrá, sbr. 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga. Vilji hafi verið hjá Landsneti til að tengja kæranda sem stórnotanda að uppfylltum skilyrðum raforkulaga. Hins vegar hafi ekki verið unnt að koma tengingu á í þeim mannvirkjum sem til greina hafi komið á æskilegri spennu sökum uppbyggingar á flutningskerfinu. Landsnet áréttar að fyrirhugað hafi verið að tengja kæranda við kerfið sem stórnotanda í samræmi við áætlanir um stækkun flutningskerfisins. Biðin sem þetta hafi falið í sér fyrir kæranda hafi ekki jafngilt höfnun um beina tengingu, enda taki skyldan samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga um að tengja aðila við flutningskerfið ekki á því hversu fljótt slíkt skuli gert, sé það á annað borð mögulegt. Kærandi hafi í framhaldinu ákveðið að leita leiða til þess að dreifiveita gæti flutt rafmagn fyrir hann en samningur milli kæranda og HS Veitna hafi verið undirritaður 30. maí 2014. Samkvæmt þeim samningi hafi samningsaðilum verið ljóst að kærandi uppfyllti ekki ákvæði laga um að vera stórnotandi. Það sé því rangt sem komi fram í kæru að ekki hafi verið samið beint við kæranda jafnvel þótt hann hafi uppfyllt öll skilyrði þess að teljast stórnotandi. Vilji hafi staðið til þess af hálfu Landsnets að koma til móts við kröfur kæranda en Landsnet hafi samið við kæranda um betri kjör samkvæmt stórnotendagjaldskrá frá 1. janúar 2016, þ.e. á tímabili sem kærandi hafi ekki verið viðskiptavinur Landsnets í skilningi 2. mgr. 8. gr. raforkulaga. Orkustofnun hafi nú staðfest að Landsneti hafi verið það óheimilt, bæði á tímabilinu þar sem kærandi hafi verið viðskiptavinur HS Veitna og einnig á tímabilinu frá því að samningaviðræður hafi hafist milli kæranda og Landsnets og þar til samningur hafi komist á. Í raun hafi Landsnet, að mati Orkustofnunar, farið út fyrir lagaheimild til þess að koma til móts við kröfur kæranda. Landsnet hafi því leitast við að koma til móts við kröfur kæranda, bæði fyrir og eftir 1. janúar 2016.

b) Um ætlaða mismunun Landsnets á viðskiptavinum sínum;

Kærandi byggir á því að miða eigi gildi samningsins við þann tíma er kærandi hafi uppfyllt skilyrði til að flokkast sem stórnotandi í skilningi 17. tl. 3. gr. raforkulaga. Landsnet bendir á að óljóst sé hvenær kærandi hafi getað talist stórnotandi í skilningi 17. tl. 3. gr. raforkulaga. Kærandi hafi skuldbundið sig í samningi við HS Veitur að nota allt að 76 GWH á ári til 1. júní 2019. Að mati Landsnets sé ljóst að kærandi teljist einungis stórnotandi ef að hann noti innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Landsnet telur ljóst að kærandi hafði ekki náð að uppfylla skilyrði laga um að vera stórnotandi í skilningi raforkulaga í árslok 2015, en samningurinn á milli Landsnets og

kæranda hafi tekið gildi 1. janúar 2016. Landsnet telur því ekki útilokað að krafa kæranda geti leitt til þess að miða verði gildi sammingsins við Landsnet við síðara tímamark heldur en 1. janúar 2016.

Kærandi vísi til þess að Landsnet hafi túlkað ákvæði 17. tl. 3. gr. raforkulaga með misvísandi hætti. Þessu hafni Landsnet og áréttar að mat Landsnets sé að þriggja ára aðlögunartímabil 17. tl. 3. gr. raforkulaga gildi fram í tímann, þ.e. frá fyrstu afhendingu raforku. Kærandi hafi fengið raforku afhenta í gegnum dreifiveitu en ekki beint frá flutningsfyrirtæki. Ekki verði lagður sá skilningur í ákvæðið að þriggja ára tímabilið geti gilt aftur í tímann, þ.e. að notandi geti samið við dreifiveitu, samið svo síðar beint við flutningsfyrirtæki og farið fram á leiðréttingu á gjaldtöku aftur í tímann.

Landsneti beri að gæta jafnræðis við starfrækslu sína samkvæmt 8. mgr. 9. gr. raforkulaga. Ákvörðun kæranda um að tengjast dreifiveitu hafi falið í sér að hann hafi ekki verið í sambærilegri stöðu og aðrir sem tengdust Landsneti beint sem stórnotendur, og hafi því ekki átt rétt á að njóta kjara samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur á meðan hann hafi verið tengdur beint við dreifiveitu.

Í 12. gr. a raforkulaga sé fjallað um gjaldskrá flutningsfyrirtækis. Samkvæmt ákvæðinu skuli gjaldskráin gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skuli ákvörðuð í bandaríkjadöllum. Þannig sé ljóst að raforkulög geri ráð fyrir að mismunandi gjaldskrá gildi annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar úttekt stórnotenda. Af ákvæðinu megi einnig draga þá ályktun að stórnotendur falli ekki undir gjaldskrá sem sé í gildi fyrir úttekt dreifiveitna á flutningskerfi. Þrátt fyrir að dregist hafi að setja nýja gjaldskrá hafi kærandi aldrei verið í sambærilegri stöðu og aðrir stórnotendur sem þegar hafi haft samning við Landsnet, enda hafi kærandi verið tengdur beint og í samningssambandi við dreifiveitu.

Líkt og fram komi í ákvörðun Orkustofnunar frá 9. október 2015, sé stórnotandi sem tengdur er dreifiveitu ekki í sambærilegri stöðu gagnvart Landsneti og stórnotandi sem tengist Landsneti beint. Það eitt að uppfylla skilyrði raforkulaga um að teljast stórnotandi breyti ekki stöðu kæranda sem hafi ákveðið að tengjast dreifiveitu. Í raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga sé ekki kveðið á um skyldu flutningsfyrirtækis til að tryggja að fyrirtæki sem tengt sé dreifiveitu fái notið kjara sem stórnotandi þegar upplýst sé að fyrirtækið uppfylli skilyrði laga og frá því tímamarki. Þá sé kveðið á um gjaldskrá vegna flutnings raforku í 15. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005. Í ákvæðinu komi fram að úttektargjald dreifiveitna skuli miðast við heildarmagn raforku sem flutt sé til dreifiveitusvæðis auk þess sem úttekt sé beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins. Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna taki því ekki mið af því hvort einstakir notendur uppfylli skilyrði þess að teljast stórnotendur heldur af öðrum þáttum, s.s. heildarmagni raforku sem flutt sé til svæðisins og spennu orkunnar sem flutningskerfið veiti, sbr. 2. mgr. 12. gr. a raforkulaga.

Í 12. gr. raforkulaga sé kveðið á um tekjumörk flutningsfyrirtækisins. Markmið með setningu tekjumarka sé að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því sé falið að veita að teknu tilliti til arðsemi. Tekjumörk séu ákvörðuð út frá kostnaði vegna reksturs og fjárfestinga vegna flutnings til dreifiveitna annars vegar og til stórnotenda hins vegar. Raforkulög geri þannig ráð fyrir að

kostnaður flutningsfyrirtækisins af flutningi til dreifiveitna sé ekki sá sami og ef um flutning beint til stórnotenda sé að ræða. Hvort sem kærandi teljist stórnotandi eða ekki sé ljóst að kærandi hafi fengið raforku í gegnum dreifiveitu. Kostnaður Landsnets af því að flytja raforku til dreifiveitna sé ekki sá sami og ef um flutning beint til stórnotenda væri að ræða.

Landsnet telji því ljóst að þegar kærandi hafi verið í samningssambandi við HS Veitur hafi félagið ekki verið í sambærilegri stöðu gagnvart Landsneti og stórnotendur sem tengst hafi Landsneti beint. Jafnræðissjónarmið leiði því ekki til þess að miða beri upphafstíma samnings kæranda við Landsnet við fyrra tímamark en það þegar samningurinn hafi raunverulega verið gerður.

c) Um afmörkun á upphafi samningsviðræðna;

Í kæru komi fram að kærandi telji að samningsviðræður við Landsnet hafi hafist í maí 2014. Það hafi fyrst verið árið 2016 sem Landsnet hafi brugðist við ítrekuðum kröfum kæranda. Í þessu sambandi áréttar Landsnet að fyrirtækið hafi komið til móts við kröfur kæranda með því að miða gildistíma samnings við 1. janúar 2016 en ekki 6. júlí 2016, þ.e. við þann tíma þegar raunverulegar samningsviðræður hafi hafist. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að þessi ákvörðun Landsnets hafi ekki verið í samræmi við ákvæði raforkulaga, enda byggist aðgangur aðila að stórnotendagjaldskrá Landsnets á þeirri forsendu að viðkomandi aðili sé viðskiptavinur Landsnets í skilningi 2. mgr. 8. gr. raforkulaga. Upphaf samningaviðræðna sé því ekki viðmið sem unnt sé að byggja á þegar metið sé við hvaða tímamark beri að miða upphafstíma samninga við Landsnet um flutning raforku.

Landsnet telur í ljósi ofangreinds að hafna beri kröfu kæranda.

VI. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar og Landsnets

Kæranda voru sendar athugasemdir Orkustofnunar og Landsnets til frekari athugasemda. Bárust athugasemdir kæranda þann 20. september 2018.

Kærandi bendir á að Landsnet haldi því fram að til hafi staðið að tengja kæranda við stórnotendakerfið um leið og það hefði verið mögulegt en tafir hafi verið óhjákvæmilegar. Kærandi áréttar að engar ráðstafanir hafi þurft að gera til að koma á tengingu við flutningskerfi Landsnets þar sem notaður hafi verið búnaður HS Veitna. Hvorki þurfti breytingu á netmála né búnaði. Þá hafi hvorki þurft laga- né reglugerðarbreytingu. Hins vegar hafi aðkoma Landsnets verið nauðsynleg eins og ráða megi af samskiptum forstjóra HS Veitna og Landsnets.

Líkt og rakið sé í kæru hafi vilji kæranda staðið til að tengjast Landsneti beint sem stórnotandi. Tillaga Landsnets hafi hins vegar verið að „leita leiða til þess að dreifiveiturnar geti flutt rafmagn til stórnotenda frá okkar kerfi“, sbr. tölvupóst forstjóra Landsnets. Framangreind leið hafi verið farin samkvæmt ráðleggingu Landsnets, þ.e. ákveðið að HS Veitur myndu annast dreifingu til stórnotanda og Landsnet hafi ætlað að tryggja afhendingu til kæranda sem stórnotanda. Það hafi því ekki verið ákvörðun kæranda að tengjast HS Veitum heldur hafi kæranda verið beint í þann farveg og ákveðið að þannig yrði raforka afhent til kæranda sem stórnotanda. Eftir það hafi aðeins þurft sérmælingu á notum kæranda og afhendingu á orku til HS Veitna á gjaldi stórnotenda.

Landsnet hafi ekki orðið við kröfu HS Veitna um að notkun kæranda yrði sérmæld þannig að greitt yrði fyrir viðskiptin samkvæmt stórnotendagjaldskrá Landsnets en það hafi þeir viðskiptavinir gert sem hafi verið beintengdir Landsneti. Kærandi áréttar að sérmæling hafi ekki þarfnast neinnar fjárfestingar af hálfu Landsnets. Tæknileg vandkvæði hafi ekki verið nein.

Þá telur kærandi fráleita þá niðurstöðu Orkustofnunar í hinni kærðu ákvörðun sem Landsnet vísi til um að kærandi hafi ekki verið viðskiptavinur Landsnets og því hafi Landsnet ekki mátt veita kæranda kjör samkvæmt stórnotendagjaldskrá. Kæran beinist að þessu atriði, þ.e. að ekki hafi verið samið við kæranda enda þótt hann hafi uppfyllt öll skilyrði laga til að teljast stórnotandi enda hafi engar efasemdir verið um það á þeim tíma. Þannig hafi það verið ákvörðun Landsnets að beina kæranda í gegnum HS Veitur þar sem kærandi hafi átt að njóta kjara sem stórnotandi. Samskiptin eru ítarlega rakin í kæru. Staðreynd sé að engar tæknilegar lausnir hafi þurft til þess að kærandi nyti kjara stórnotenda. Þá hafi ekki þurft breytingu á netmála enda hafi verið notast við eldri netmála. Því hafi verið um margra mánaða aðgerðarleysi að ræða þrátt fyrir athugasemdir kæranda og forstjóra HS Veitna sem hafi barist fyrir því kærandi nyti sömu kjara og keppinautar sem hafi notað mun minni raforku en kærandi.

Hvað varðar ætlaða mismunun Landsnets á viðskiptavinum þá sé byggt á því að kærandi hafi fengið afhent rafmagn í gegnum dreifiveitu en ekki flutningsfyrirtæki. Þá leggi Landsnet þann skilning í 17. tl. 3. gr. raforkulaga að þriggja ára tímabilið geti gilt aftur í tímann. Kærandi telur ákvæðið eiga að vera skýrt þannig að viðkomandi teljist stórnotandi þegar fyrirséð sé miðað við áætlun að notandi muni nota innan þriggja ára 80 GWst. Nánar segi í almennum athugasemdum að þriggja ára aðlögunartímabil þar sem „hluti viðskiptavina uppfyllir ekki umrædd skilyrði frá fyrsta degi starfsemi. Hið þriggja ára aðlögunartímabil er frá fyrstu afhendingu raforku að telja, þó að undanskildum uppeyrslutíma“. Framangreindu til stuðnings vísar kærandi til netmála Landnets nr. B9 sem tekið hafi gildi 1. mars 2015. Þar segi að notandi sem fái rafmagn samkvæmt skilmálum þessum skuli innan þriggja ára frá upphafi afhendingar uppfylla skilyrði raforkulaga um notkun og nýtingartíma á einum stað. Komi til þess að hann uppfylli ekki þau skilyrði þá beri honum að flytja viðskipti sín innan eins mánaðar til viðkomandi dreifiveitu vegna afhendingar rafmagns, sbr. grein 3.3. Af þessu er ljóst að mati kæranda að horft sé til áætlunar um uppbyggingu en ef hún standist ekki skuli viðkomandi færður af stórnotendagjaldskrá.

Ljóst hafi verið þegar í maí 2014 að notkun yrði umfram viðmið stórnotenda vegna uppbyggingar kæranda enda engar efasemdir um það í samskiptum aðila. Þá telur kærandi mikilvægt í þessu sambandi að horft sé til þess hvernig Landsnet hafi skilgreint Verne Holding og skorar kærandi á úrskurðarnefnd að afla gagna um orkunotkun þess fyrirtækis sem og upplýsinga um frá hvaða tíma fyrirtækið hafi notið kjara sem stórnotandi. Kærandi telur ekki heimilt að nota mismunandi túlkun á 17. tl. 3. gr. raforkulaga gagnvart kæranda.

Þá sé því haldið fram af Landsneti að ekki þurfi að ríkja jafnræði milli þeirra sem tengist Landsneti beint og þeirra sem tengist dreifiveitum þegar komi að því að ákveða kjör aðila sem stórnotanda. Þessu hafni kærandi enda sé óheimilt að mismuna þessum aðilum ef þeir uppfylla skilyrði laga til að teljast stórnotandi.

Kærandi hafnar því sérstaklega að kostnaður Landsnets af því að afhenda raforku til stórnotenda í gegnum dreifiveitu sé kostnaðarsamari en beintenging auk þess sem þau rök hafi enga þýðingu þegar fyrir liggja að Landnet hafi beint kæranda til dreifiveitunnar. Tekjumörk flutningsfyrirtækis hafi þannig enga þýðingu gagnvart kæranda. Þá hafi aldrei komið til umræðu að tekjumörk flutningsfyrirtækisins hefðu hér áhrif enda hefði þá verið ítrekuð krafa um beintengingu við Landsnet.

Hvað varðar upphaf samningaviðræðna Landsnets og kæranda þá bendir kærandi á að samningaviðræður hafi hafist í maí 2014 eins og gögn staðfesti en ekki í janúar 2016 eins og Landsnet haldi fram. Kjarni málsins sé auk þess sá að þessi afmörkun hafi fyrst komið fram undir rekstri þessa máls enda á því byggt við samningsgerðina að ekki væri unnt að fara lengra aftur þar sem búið væri að loka bókhaldi ársins 2015.

Kærandi telur rétt að áréttu að tafir á málinu hafi ekki verið vegna uppbyggingar á flutningskerfinu líkt og haldið hafi verið fram heldur vegna þess að Landsnet hafi ætlað að ljúka við netmála sem hafi svo ekki verið notaður og ekki verið þörf á. Landsnet hafi aldrei upplýst kæranda um að ekki yrði unnt að afhenda raforku til kæranda eða að ekki yrði unnt að sérmæla hana líkt og krafist hafði verið m.a. af forstjóra HS Veitna. Engin vandkvæði hafi verið á því að afhenda raforku til kæranda sem stórnotanda þegar loks hafi verið gengið í málið af hálfu Landsnets en í millitíðinni hafi kærandi greitt gríðarlegar fjárhæðir í raforku umfram það sem keppinautar hafi þurft að greiða. Loks áréttar kærandi að Verne Holding hafi greitt í fimm ár samkvæmt stórnotendagjaldskrá Landsnets án þess að nota 80GWst á ári. Rök Landsnets virðist því að mati kæranda hrökkva skammt þegar komi að öðrum sem óski eftir að fá raforku á grundvelli ákvæða um stórnotendur eða óska eftir tengingu við Landsnet.

Kærandi gerir líka athugasemdir við umsögn Orkustofnunar og telur að þar gæti nokkurra endurtekninga á efni hinnar kærðu ákvörðunar. Telur kærandi rétt að víkja stuttlega að þeirri fullyrðingu Orkustofnunar um að breytingar hafi orðið með netmálanum B9 frá 25. febrúar 2015 en skilja megja Orkustofnun svo að frá þeim degi hefði verið unnt að tengjast HS Veitum sem stórnotandi. Hér sé um mikla einföldun að ræða og í raun komið að kjarna málsins. Í bréfi forstjóra HS Veitna til Orkustofnunar, dags. 23. desember 2015, sé að finna ítarlega útlístun á því hvers vegna ekki hafði verið unnt að afhenda raforku til kæranda á grundvelli stórnotendagjaldskrá þar sem m.a. sé vikið að samningi kæranda við HS Veitur og túlkun Landsnets á netmálanum en Landsnet hefði talið að enn væri *"óvissa vegna framkvæmdar 5. kafla netmála B9 eftir athugasemdir Orkustofnunar vegna liðar 7.1 í gjaldskránni"*. Þannig hafi HS Veitum verið ómögulegt að afhenda raforku til kæranda á grundvelli netmálans sem Orkustofnun vísi til. Kærandi telur rétt að geta þess að netmáli þessi hafi ekki verið notaður þegar loks hafi verið gengið frá samningi milli aðila líkt og ítrekað hafi komið fram.

Hvað sem öðru líði sé á því byggt að Landsneti hafi borið að afhenda raforku til kæranda hvort sem er beint til kæranda eða í gegnum dreifiveitu frá og með 1. mars 2015 á grundvelli netmálans en fyrir liggja að HS Veitum hafi verið það ómögulegt líkt og samskipti forstjóra HS Veitna við Landsnet staðfesti.

VII. Frekari sjónarmið Landsnets

Með bréfi, dags. 22. október 2018, óskaði Landsnet eftir að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna frekari athugasemda kæranda. Telur Landsnet að kærandi láti að því liggja að Landsneti hafi verið mögulegt að tengja kæranda við flutningskerfið á þeim tíma sem fyrst hafi verið farið að ræða þann möguleika. Landsnet áréttar að þetta hafi ekki verið tæknilega mögulegt og hefði nauðsynleg uppbygging tekið u.þ.b. 18 mánuði. Þessi leið hafi kæranda ekki þótt áhugaverð. Þá hafi einnig legið fyrir lengi að breytingar á gjaldskrá sem Landsnet hugðist innleiða til að gera stórnotendatengingu í gegnum dreifiveitu mögulega, hafi ekki verið heimil.

Raforkulög kveði á um hverjir geti verið viðskiptavinir Landsnets á hverjum tíma. Viðskiptavinir dreifiveitu séu ekki á sama tíma viðskiptavinir Landsnets nema fyrir hendi sé sérstök heimild og viðeigandi samningar hafi verið gerðir. Landsneti beri að fylgja raforkulögum.

Landsnet geti ekki skuldbundið sig með flutningssamningum til að flytja raforku á tilteknum tímamarki ef fyrir liggja að flutningsgeta sé ekki til staðar á þeim tíma eða aðrar tæknilegar eða lagalegar ástæður geri það ekki mögulegt. Fráleitt sé að ætla að Landsnet geti og sé heimilt að gera samninga um flutning raforku án þess að hafa viðeigandi heimildir þar að lútandi og að raforkuflutningur sé mögulegur. Að öðru leyti vísar Landsnet til áður framkominna sjónarmiða.

Athugasemdir Landsnets voru sendar kæranda til upplýsingar þann 25. október 2018.

VIII. Niðurstaða

Í máli þessu er annars vegar deilt um hvort Landsnet hafi synjað kæranda um tengingu við flutningskerfið og hins vegar hvenær kærandi hafi uppfyllt skilyrði til að teljast stórnotandi og njóta kjara samkvæmt stórnotendagjaldskrá Landsnets.

Kærandi telur að dráttur Landsnets á tengingu við flutningskerfið hafi hvorki verið byggður á lögmætum né málefnalegum sjónarmiðum. Samningsviðræður kæranda við Landsnet hafi hafist í maí 2014 og því beri Landsneti að miða gildi samnings sem gerður hafi verið milli kæranda og Landsnets hinn 6. júlí 2016 við maí 2014 í stað 1. janúar 2016.

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Orkustofnun krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest og Landsnet krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

1.

Úrskurðarnefndin telur rétt að gera almenna grein fyrir ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga sem sett er á grundvelli þeirra og varða mál þetta.

Í raforkulögum nr. 65/2003 er dreifiveita skilgreind í 2. tl. 3. gr. sem fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Dreifiveitusvæði er landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku, sbr. 3. tl. 3. gr. og flutningsfyrirtæki er skv. 5. tl. fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun. Stórnotandi er notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst. á ári, sbr. 17. tl. 3. gr.

Samkvæmt 8. gr. laganna skal eitt fyrirtæki annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi til að stunda viðskipti með raforku, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækisins koma fram í 9. gr. Samkvæmt 3. mgr. ber flutningsfyrirtækinu að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið enda uppfylli þeir skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd, sbr. 3. mgr. Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, sbr. 7. mgr.

Um gjaldskrá flutningsfyrirtækisins er fjallað í 12. gr. a. en þar segir í 1. mgr. að flutningsfyrirtækið skuli setja sér gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadölum.

Um dreifingu er fjallað í IV. kafla laganna. Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Þó er flutningsfyrirtæki heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnotenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 KV, sbr. 1. mgr. 13. gr.

Í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga kemur fram að eitt fyrirtæki, Landsnet skuli annast flutning raforku og kerfisstjórnun flutningskerfisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að tengja alla sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því sem nánar eru tilgreind í samningi flutningsfyrirtækisins um tengingu við flutningskerfið og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á

grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd. Sá sem synjað er um tengingu getur farið fram á upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar í kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann, sbr. 1. mgr. 11. gr. Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar, sbr. 1. mgr. 13. gr. Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 13. gr. Gjaldkráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda. Úttektargjald dreifiveitna skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðis auk þess sem úttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr.

2.

Kærandi telur að dráttur Landsnets á að tengja kæranda við flutningskerfið hafi falið í sér synjun um tengingu þegar fyrir hafi legið að notaður yrði búnaður HS Veitna. Landsnet megi ekki mismuna aðilum um aðgang að þjónustu og verði að reisa ákvarðanir á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Dráttur málsins hafi hvorki verið byggður á lögmætum né málefnalegum sjónarmiðum. Landsnet hafi ekki orðið við kröfum kæranda um sérmælingu eða afhendingu raforku samkvæmt stórnotendgjaldskrá. Landsnet bendir á að ekki hafi verið tæknilega mögulegt að tengja kæranda á þessum tímapunkti og að nauðsynleg uppbygging myndi taka u.þ.b. 18 mánuði.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að kærandi hafi tengst HS Veitum með samningi dags. 30. maí 2014. Af samskiptum Landsnets og kæranda má ráða að á þeim tíma þegar samningur var gerður milli kæranda og HS Veitna hafi Landsneti ekki verið mögulegt að tengja kæranda á æskilegri spennu í þeim tengivirkjum sem til greina hafi komið. Þannig kemur m.a. fram í tölvupósti Landsnets til kæranda þann 13. ágúst 2014, að tengivirkið að Fitjum hafi verið fullt og ekkert pláss fyrir fleiri útganga á háspennuhlið í kerfi Landsnets. Lausleg áætlun á stækkun tengivirkisins taki um tvö ár og slík stækkun sé nauðsynleg til að tengjast beint við flutningskerfi Landsnets og fá spennt niður í 11kV. Kom fram í tölvupóstinum að unnið væri að því að setja upp nýtt tengivirki „Stakk“ í Helguvík og sé áætlað að það verði komið í rekstur í lok janúar 2016. Sú leið var því reynd að HS Veitur önnuðust dreifingu til kæranda en vilji var til þess af hálfu Landsnets að kærandi fengi tengingu sem stórnotandi þó að það hafi ekki verið mögulegt að svo stöddu með æskilegri spennu.

Lögbundið hlutverk Landsnets við rekstur flutningskerfisins er m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga. Heimilt er að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Að mati nefndarinnar og á grundvelli framangreinds verður ekki séð að Landsnet hafi synjað kvartanda um tengingu við flutningskerfið. Í þeim tölvupóstsamskiptum sem áttu sér stað á árinu 2014 á milli kæranda og Landsnets og áður eru rakin kom fram að að svo stöddu væri bein

Lögbundið hlutverk Landsnets við rekstur flutningskerfisins er m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga. Heimilt er að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Að mati nefndarinnar og á grundvelli framangreinds verður ekki séð að Landsnet hafi synjað kvartanda um tengingu við flutningskerfið. Í þeim tölvupóstsamskiptum sem áttu sér stað á árinu 2014 á milli kæranda og Landsnets og áður eru rakin kom fram að að svo stöddu væri bein tenging við flutningskerfið ekki möguleg fyrr en í ársbyrjun 2016. Verður hvorki séð að mati nefndarinnar að á því hafi leikið vafi að þessi ómöguleiki hafi verið til staðar né að kæranda hafi verið synjað um tengingu við flutningskerfið.

3.

Aðilar máls deila einnig um hvort og þá frá hvaða tíma stórnotendagjaldskrá Landsnets hafi átt að gilda um flutning raforku til kæranda. Kærandi telur að Landsneti hafi borið að tryggja að kærandi sem hafi verið tengdur um dreifiveitu fengi notið kjara sem stórnotandi þegar fyrir hafi legið að hann uppfyllti skilyrði raforkulaga. Að mati nefndarinnar getur kærandi fyrst orðið stórnotandi í skilningi laganna þegar stofnast hefur samningssamband á milli kæranda og Landsnets. Telja verður að raforkulög nr. 65/2003 áskilji að slíkt viðskiptasamband sé forsenda fyrir því að stórnotendagjaldskrá gildi um flutning raforku til kæranda, sbr. 2. mgr. 8. gr. raforkulaga þar sem er að finna talningu á því hverjir geta verið viðskiptavinir Landsnets en það eru meðal annars stórnotendur. Kærandi gat þannig fyrst talist verða viðskiptavinur Landsnets samkvæmt ákvæðinu þegar samningur var gerður milli kæranda og Landsnets hinn 6. júlí 2016. Því er ekki hægt að miða við annað tímamark um það hvenær kærandi getur notið kjara samkvæmt stórnotendagjaldskrá. Í ljósi framangreinds, og þess að skilyrði fyrir því að stórnotendagjaldskrá geti átt við um flutning á raforku til stórnotanda sé að stofnast hafi viðskiptasamband við Landsnet, verður að hafna kröfu kæranda.

Kærandi telur nauðsynlegt að nefndin afli upplýsinga um orkunotkun fyrirtækisins Verne Holding til að staðreyna að Landsnet hafi beitt sömu túlkun á ákvæðum raforkulaga gagnvart kæranda og Verne Holding. Kærandi kveður Verne Holding hafa samið við Landsnet um afhendingu á rafmagni árið 2009 og telur nefndin þegar af þeirri ástæðu ekki nauðsynlegt að afla upplýsinga í því skyni.

4.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða nefndarinnar að hafna kröfum kæranda og að staðfesta beri ákvörðun Orkustofnunar frá 18. maí 2018.


Úrskurðarorð

Ákvörðun Orkustofnunar, dags. 18. maí 2018, er staðfest.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (sign)

Formaður


Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (sign)


Ragnar Jóhann Jónsson (sign)